

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 429/2012****2017/EES/40/12**

frá 22. maí 2012

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1014/2010 að því er varðar sameiginlegt snið fyrir
villutilkynningar frá framleiðendum fólksbifreiða (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti
Evrópusambandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 443/2009 frá 23. apríl 2009 um að setja staðla um mengunarvarnargetu nýrra fólksbifreiða sem hluta af samþættri stefnu Bandalagsins um að draga úr losun koltvísýrings frá léttum ökutækjum ⁽¹⁾, einkum fyrsta undirgrein 9. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Þar sem tilkynningar framleiðanda um villur í gögnum um losun koltvísýrings samkvæmt fyrstu undirgrein 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 eru mikilvægt skref í sannprófun gagnanna, sem liggja til grundvallar útreikningi á markmiðum um sértæka losun ásamt sértækri meðaltalslosun frá öllum framleiðendum, þykir rétt að kveða á um skýra og gagnsæja málsmeðferð fyrir slíkar tilkynningar.
- 2) Þá er við hæfi að kveða á um notkun á sameiginlegu sniði fyrir villutilkynningar til að tryggja að hægt sé að sannprófa og vinna tímanlega þær upplýsingar, sem framleiðendur veita framkvæmdastjórninni.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

*I. gr.*Eftirfarandi 3., 4. og 5. mgr. bætast við 9. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1014/2010 ⁽²⁾:

„3. Framleiðendur sem tilkynna um villur í samræmi við fyrstu undirgrein 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009 skulu nota bráðabirgðagagnamengi, sem framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt skv. 4. mgr. 8. gr., sem grunn fyrir tilkynningar sínar.

Í villutilkynningunni skulu vera öll gagnamengi sem varða ökutækjaskráningar sem framleiðandinn, sem sendir tilkynninguna, er ábyrgur fyrir. Gera skal grein fyrir

villunni með sérstakri færslu í gagnamengi hverrar útfærslu, með heitið „athugasemdir framleiðanda“, og skal tilgreina einn af eftirfarandi kóðum:

- a) **Kóði A**, ef framleiðandinn hefur breytt skránum,
- b) **Kóði B**, ef ekki er hægt að auðkenna ökutækið,
- c) **Kóði C**, ef ökutækið fellur ekki undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 443/2009 eða er ekki lengur í framleiðslu.

Að því er varðar b-lið þriðju undirgreinar telst ekki hægt að auðkenna ökutæki ef framleiðandinn getur ekki auðkennt eða leiðrétt kóðann fyrir gerð, afbrigði og útfærslu eða, ef við á, gerðarviðurkenningarnúmerið sem tilgreint er í bráðabirgðagagnamenginu.

4. Ef framleiðandinn hefur ekki tilkynnt um villur til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 3. mgr. eða ef tilkynningin er lögð fram að liðnum þriggja mánaða frestinum, sem kveðið er á um í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 443/2009, teljast bráðabirgðagildin, sem tilkynnt eru í samræmi við 4. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar, vera endanleg gildi.

5. Villutilkynningin sem um getur í 3. mgr. skal lögð fram með rafrænum, gagnabera sem ekki er hægt að þurrka út af, merkt „Villutilkynning — koltvísýringur frá bifreiðum“, og skal send með pósti á eftirfarandi pósthöfn:

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins
Allsherjarsvið framkvæmdastjórnarinnar
1049 Bruxelles/Brussel
BELGIQUE/BELGIË

Senda skal rafrænt eintak af tilkynningunni til upplýsingar á eftirfarandi virk pósthólf:

EC-CO2-LDV-IMPLEMENTATION@ec.europa.eu

og

CO2-monitoring@eea.europa.eu.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 132, 23.5.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2017 frá 16. júní 2017 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 293, 11.11.2010, bls. 15.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.
